

## Stjórnarfundur Leiknar á netinu - fundargerð

**Dagsetning:** 12. -20. janúar 2016.

**Staður:** Tölvupóstur.

**Mætt:** Guðrún Lárusdóttir, Ólafur Ástgeirsson, Helga Gísladóttir, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Guðrún Vala Elísdóttir, Puriður Sigurðardóttir og Sólveig Hildur Björnsdóttir.

*Eitt mál var á dagskrá og fundargerð rituð út frá tölvupóstum. Fundarefni var aðkoma Leiknar að umsókn til norrænu ráðherranefndarinnar um alögun og virkni flóttamanna að norrænum vinnumarkaði í gegnum nám, þjálfun og raunfærnimat. Samstarfsaðilar eru samráðsfundur Nordic-Baltic vettvangsins sem Leikn á aðild að.*

Hulda A. Arnljótsdóttir kynnti verkefnið sem þróað hafði verið í fundi Nordic Baltic í desember 2015. Fyrir fundinum lá að kanna hugmyndir stjórnarmanna um hvaða fræðsluaðilar á Íslandi gætu tekið verkefnið að sér sem fulltrúar Leiknar og síns vinnustaðar. Samskiptin fóru fram með tölvupóstum. Póstur var sendur á alla stjórnarmenn þann 12. janúar 2016 og stofnað til eftirfarandi umræðu:

12.1.2016: „Norrænir kollegar okkar ætla að sækja um samstarfsverkefni í norrænan samkeppnissjóð (innan Norðurlandaráðs) þar sem þróa á aðferðir til að vinna betur með innflytjendum og flóttamönnum. Eldri aðferðir duga ekki til og því þarf að hugsa hlutina upp á nýtt og læra af öðrum þjóðum. Þetta samstarfsverkefni snýst um aðlögun, virkni og þátttöku á vinnumarkaði. Íslendingum býðst að taka þátt í þessari umsókn og við hjá Leikn getum mælt með einhverri stofnun sem á erindi í þetta verkefni og vinnur á þessu sviði. Áherslan er mikið á eflingu mannauðs innflytjenda og að virkja þau til þátttöku á vinnumarkaði í gegnum nám og þjálfun. Mér sýnist helstu verkþættir vera: að safna þekkingu bæði hagnýtum og í gegnum rannsóknir, Samstarfsfundir bæði staðbundnir og á netinu, að læra af öðrum þjóðum og miðla til annarra, búa til fjölmiðlaefni s.s. stuttmyndir, prentgripi og rafrænt efni. Dreifing á niðurstöðum bæði erlendis í vinnusmiðjum og innanlands. Nú væri gott að heyra frá ykkur hvert við ættum að vísa þessu verkefni. Hvaða aðili gæti ráðið við svona verkefni og er í nánnum tengslum við nám, þjálfun og atvinnusköpun með innflytjendum eða flóttamönnum? Hentar þetta verkefni einhverjum innan stjórnar Leiknar eða eigum við að vísa þessu til annarra /.../? Nú prófum við funda á netinu með tölvupóstum og orðið er bara laust. Það þarf að svara um þátttöku okkar endanlega út fyrir 22. jan.“ (HAA)

Tveir stjórnarmenn lýstu yfir áhuga á verkefninu, Sólveig Hildur hjá Framvegis og Guðrún Vala hjá Símenntun Vesturlands.

13.1.2016: lýsir Guðrún Vala sérfræðiþekkingu hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands svona:

„Í starfi mínu hjá símenntun hef ég sérstaklega unnið að því að sinna náms- og starfsráðgjöf við innflytjendur (sérhæfing í fjölmennningarlegri ráðgjöf) auk þess að sjá alveg um alla fræðslu þeim til handa. Við höfum fengið þróunarstyrk til að vinna sérstaklega að því að skanna og kortleggja menntun innflytjenda á Vesturlandi og aðstoða fólk við að fá starfsréttindi og/eða komast í nám eða hefja nýjan starfsferil. Skýrsla um Verkefnið er til hjá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins. Við vorum jafnframt í miklu samstarfi við Rauða kross deildina á Akranesi og Akraneskaupstað þegar palestínsku

fjölskyldurnar komu árið 2008 en konurnar hafa allar sótt nám og ráðgjöf til Símenntunarmiðstöðvarinnar og hluti af krökkunum þeirra. Við tókum líka þátt í verkefninu „Byggjum brýr“ með Rkrí Akranesi og Akraneskaupstað – og verkefnið var kynnt á ráðstefnu þar /.../ Auk þess að hafa í gegnum tíðina úbúið mörg námskeið sem sniðin hafa verið að sérþörfum hópa innflytjenda .s.s efling erlendra kvenna, íslenska þjálfun og ritmál, konur og íslam, samfélagstúlkun, færnimöppugerð og ferilskrá, talþjálfun í atvinnulífinu o.fl. /.../Við tókum líka þátt í Menntaverkefninu og til orðu sérstök námskeið fyrir ákv. hópa innflytjenda. Þá hefur Borgarbyggð h lýst yfir áhuga á að taka á móti flóttafólki og hefur myndað stýrihóp. Við hjá Símenntun höfum talsverða reynslu af þátttöku í evrópskum verkefnum, nú erum við aðilar að verkefni sem kallast TELE (um að þjálfra kennsluáðferðir í frumkvöðlafræði) og á síðasta á lauk verkefninu YWOLI sem fjallaði um hvernig nýta má áhuga og hæfileika ungra kvenna til að skapa sér atvinnu tengda frumkvöðlaþættinum. Þannig að ég held að mér sé alveg óhætt að mæla með Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi í þetta verkefni – okkar starfssvæði nær yfir allt Vesturland (Snæfellsnes, Dali, Hvalfjarðarsveit og Akranes.“ (GVE)

13.1.2016: Sólveig Hildur hjá Framvegis bauð einnig fram krafta Framvegis og lýsti þeirra reynslu svona: „Við hjá Framvegis höfum áhuga á að skoða þetta verkefni og ekki væri verra að gera það í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi. Við höfum verið að sinna innflytjendum í auknum mæli, t.d. Skrifstofuskólanum á pólsku, og ýmislegt fleira í bígerð, m.a. með atvinnuleitendum. Þá hef ég einhverja reynslu af starfi með og fyrir innflytjendum, flóttafólk og hælileitendum í gegnum Rauða krossinn /.../ Jafnvel væri hægt að vinna þetta einnig með Rauða krossinum. (SHB)

Aðrir fundarmenn mæltu með þeim stöllum í þetta verkefni og niðurstaða fundarins var eftirfarandi:

20.1.2016: Nú þarf að fara að tilkynna hverjir fara fyrir hönd Leiknar inn í þetta norræna samstarfsverkefni sem Danirnir munu stýra. Við stingum við upp á að Guðrún Vala (Símenntunarmiðstöð Vesturlands) og Sólveig Hildur (Framvegis), vinni saman að þessu rúma árs verkefni. Símenntunarmiðstöð Vesturlands væri lögaðili verkefnisins sem bæri ábyrgð á fjármunum sem Íslendingar fá og héldi utan um öll gögn og afurðir, sem skila þarf. GV og SH munu síðan skipta verkefnum á milli sín út frá sinni þekkingu og reynslu og mér sýnist að þáttur Íslands gæti verið að meta hæfni flóttamanna/innflytjenda og tengja við nám og störf, ásamt því að koma með tillögur til að efla virkni flóttamanna á vinnumarkaði með t.d. nýjum, breyttum atvinnutilboðum. GV og SH þurfa því að taka þátt í umsóknarvinnu í febrúar. Þar skrifa þær sig inn í verkefnið og Danirnir setja verðmiða á það. Bara tveir fyrirvarar sem Leikn gerir: 1) Danirnir þurfa að samþykkja þessar tvær símenntunarmiðstöðvar inn í þetta verkefni og 2) Þið eruð þarna í umboði Leiknar svo þið upplýsið okkur um gang mála, kynnið á okkar vettvangi og getið um Leikn ef þið kynnið þetta á opinberum vettvangi. Þið eruð sem sagt tvöfaldar í roðinu, bæði fulltrúar ykkar símenntunarmiðstöðvar og fulltrúar Leiknar. Leikn tekur ekki þátt í þessu verkefni fjárhagslega.

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði: Hulda Anna Arnljótsdóttir